



Reglur um vinnufatnað í matvælafyrirtækjum

Þar sem forpökkuð¹ matvæli eru meðhöndluð og þar sem fram fer meðhöndlun á óforpökkuðum ávöxtum og grænmeti, skal nota vinnufatnað (starfsmannafatnað) sem hæfir hverju sinni.² Heimilt er að nota vinnufatnað í matvælafyrirtækjum þar sem áhættulitlum³ og/eða lítið meðhöndluðum matvælum er dreift eða eru framleidd⁴.

Dæmi um vinnufatnað: Flíspeysur, bolir/peysur, buxur og kuldagallar/úlpur.

Stjórnandi matvælafyrirtækis ber ábyrgð á að útvega starfsfólki vinnufatnað og að hann sé þveginn við viðunandi aðstæður, en starfsfólki er ekki heimilt að taka vinnufatnað með sér heim.

Hlífðarföt, sem er ein tegund vinnufatnaðar, skal nota í matvælafyrirtækjum⁵ þar sem matvæli eru framleidd, óforpökkuð matvæli, önnur en ávextir og grænmeti, eru meðhöndluð, eða þar sem viðkvæm eða mjög viðkvæm matvæli eru meðhöndluð/unnin. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur útbúið [reglur](#) um hlífðarföt í matvælafyrirtækjum.

Eftirfarandi eru nokkrar meginreglur varðandi vinnufatnað í matvælafyrirtækjum sem eru hluti af því að koma í veg fyrir krosssmit við meðhöndlun matvæla.

1. Vinnufatnaður má ekki menga matvæli.
2. Fataskiptaaðstaða⁶ (búningsaðstaða) skal vera til staðar með læsanlegum skápum fyrir hvern og einn starfsmann. Fjöldi skápa þarf að vera í samræmi við fjölda starfsmanna á hverri vakt. Í skápunum skal geyma alla persónulega muni starfsmanna. Heilbrigðisfulltrúi getur vikið frá þessum kröfum og samþykkt annars konar fataskiptaaðstöðu.
3. Starfsfólk skal ávallt klæðast hreinum vinnufatnaði og skipta daglega um hann og oftast ef þurfa þykir.
4. Starfsfólk skal ganga vel um hreinan vinnufatnað og fataskiptaaðstöðu.
5. Gera skal ráð fyrir að starfsfólk geti geymt persónulegan fatnað aðskilinn frá vinnufatnaði.
6. Hreinn vinnufatnaður skal geymdur á skilgreindum og merktum stað og aðskilinn frá öðrum fatnaði, þ.m.t. óhreinum fatnaði. Hreinan vinnufatnað skal geyma á hreinum geymslustað.
7. Skilgreina þarf og útbúa stað til að geyma óhreinan fatnað.
8. Þvottur á starfsmannafatnaði skal eingöngu fara fram hjá þvottahúsi með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd eða í sérstöku rými í fyrirtækinu ætlað þvotti (þvottahúsi). Ekki er leyfilegt að þvo þvott í heimahúsi né nota þvottahús sem er sameiginlegt með öðrum t.d. íbúum eða óskyldum fyrirtækjum enda engin leið fyrir stjórnanda matvælafyrirtækisins að tryggja að ekki verði krossmengun við þær aðstæður. Þvottaaðstöðu má ekki staðsetja inni á ræstingu, snyrtingu eða öðru í óhreinu rými.

¹ Matvæli í umbúðum.

² Reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 852/2004, m.s.b., viðauki II, VIII. kafli, 1. mgr.

³ Innihalda að jafnaði ekki sjúkdómsvaldandi örverur og eru ekki heppileg fyrir vöxt þeirra eða eiturryndun.

⁴ Dæmi eru matvælafyrirtæki sem selja kaffi, brauð og bakkelsi, áfengi, gosdrykki, safa, ís úr vél, matvöruverslanir með forpökkuð matvæli, heildverslanir með forpökkuð matvæli.

⁵ Matvælafyrirtæki á borð við veitingastaði, mótuneyti og mótuneytisþjónustu, matvælaværksmiðjur, framleiðslu tilbúinna rétta, bakarí, matvöruverslanir með vinnslu og sjálfsafgreiðslubari, fiskbúðir og kjötbúðir.

⁶ Reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 852/2004, m.s.b., viðauki II, I. kafli, 9. mgr.